

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1582**2020/EES/50/06**

frá 25. september 2019

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir imasalíl í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 49. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka og B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir imasalíl.
- 2) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa fyrir imasalíl í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005⁽²⁾. Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir kartöflur, tómata, byggkorn, hafrakorn, rúgkorn og hveitikorn. Að því er varðar tilteknar aðrar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa.
- 3) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði um tiltekin hámarksgildi leifa og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Frá sjónarmiði áhættustjórnunar þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi fyrir sítrusávexti, jarðarber, brómber, hindber, dvergbita, melónur og vöðva, fituvef, lifur og nýru úr svínunum, nautgripum og hestum, sem og mjólk úr nautgripum og hestum, þar eð takmarkaðar upplýsingar lágu fyrir um þessar afurðir og Matvælaöryggisstofnunin útleiddi hámarksgildi leifa sem gefa ekki tilefni til áhyggna að því er varðar neytendavernd. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Frá sjónarmiði áhættustjórnunar þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa, eins og sett er fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, fyrir kjarnaávexti, gallaldin, banana og paprikur þar eð engar upplýsingar lágu fyrir um þessar afurðir sem Matvælaöryggisstofnunin hefði getað leitt af hámarksgildi leifa sem gefa ekki tilefni til áhyggna að því er varðar neytendavernd.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin benti á að útleidd hámarksgildi leifa fyrir imasalíl í greipaldinum, appelsínunum, eplum, perum, banönum, kartöflum og lifur úr nautgripum, sem og CXL-hámarksgildið sem liggur til grundvallar hámarksgildum ESB fyrir trjámisþilsaldin, geti gefið tilefni til áhyggna að því er varðar neytendavernd. Að teknu tilliti til viðbótarupplýsinga sem liggja fyrir um greipaldin, appelsínur og kartöflur útleiddi hún önnur hámarksgildi leifa, sem gefa ekki tilefni til slíkra áhyggna, fyrir greipaldin, appelsínur, kartöflur og lifur úr nautgripum. Að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir epli, perur, trjámisþilsaldin og banana benti Matvælaöryggisstofnunin á að áhættustjórnendur mættu íhuga að fastsetja þau við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og sett er fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 246, 26.9.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

(2) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels for imazalil according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(9), 4977.

- 5) Matvælaöryggisstofnunin lagði til endurskoðaðar skilgreiningar á leifum. Rétt þykir að skilgreiningum á leifum verði breytt til samræmis við það.
- 6) Óháð endurskoðun á hámarksgildum leifa, sem gerð var í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, var lögð fram umsókn, í samræmi við 6. gr. þeirrar reglugerðar, um breytingu á gildandi hámarksgildum leifa fyrir imasalí í sítrúsávöxtum, eplum, perum, banönum og kartöflum og í afurðum úr dýraríkinu.
- 7) Viðkomandi aðildarríki mat umsóknina í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslan var send framkvæmdastjórninni.
- 8) Í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 lagði Matvælaöryggisstofnunin mat á umsóknina og matsskýrsluna og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr og skilaði rökstuddu álitinu um tillögð hámarksgildi leifa⁽³⁾. Hún sendi álitid til umsækjenda, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði það aðgengilegt almenningi.
- 9) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í rökstuddu álitinu sínu, í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, að ekki væri unnt að breyta hámarksgildum leifa fyrir fyrirhuguðu notkunina fyrr en áhættumati fyrir umbrotsefni plantna R014821, FK-772 og FK-284 væri lokið með tilliti til erfðaeiturhrifa og almennra eiturhrifa. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar, sem tilgreint var að vantaði við endurskoðun á hámarksgildum leifa sem gerð var í samræmi við 1. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar, hefðu verið lagðar fram með umsókninni í samræmi við 6. gr. þeirrar reglugerðar.
- 10) Vegna samþykktar á rökstuddu álitinu skv. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 eftir að rökstutt álit skv. 1. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar var samþykkt og vegna þess að áhyggjuefnin varðandi eiturhrif, sem greind voru fyrir imasalíumbrotsefnin R014821, FK-772 og FK-284, eru þverlæg í eðli sínu fór framkvæmdastjórnin þess á leit að Matvælaöryggisstofnunin uppfærði rökstutt álit sitt um gildandi hámarksgildi leifa fyrir imasalí í samræmi við 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 11) Matvælaöryggisstofnunin lagði fram rökstutt álit⁽⁴⁾ þar sem endurskoðunin á gildandi hámarksgildum leifa fyrir imasalí var uppfærð á grundvelli nýrra eiturefnafræðilegra upplýsinga.
- 12) Í því rökstudda álitu útleiddi Matvælaöryggisstofnunin sömu hámarksgildi leifa og í rökstuddu álitinu sínu í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 nema fyrir sítrúsávexti, melónur og vörur úr dýraríkinu. Hún lagði ekki til hámarksgildi leifa fyrir þessar vörur því ekki var unnt að ljúka mati á eiturefnafræðilegum eiginleikum umbrotsefnisins R014821.
- 13) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 705/2011⁽⁵⁾ var samþykkið fyrir imasalíi endurnýjað í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009⁽⁶⁾. Þó að Matvælaöryggisstofnunin hefði greint óvissuþætti varðandi eiturefnafræðilega eiginleika umbrotsefnisins R014821⁽⁷⁾ í áhættumati fyrir samþykki þeirrar reglugerðar voru skilyrðin fyrir samþykkinu ekki takmörkuð að þessu leyti á áhættustjórnunarstiginu. Í viðbótarupplýsingunum um eiturefnafræðilega eiginleika umbrotsefnisins R014821, sem voru lagðar fram með umsókninni í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, var ekki fjallað um þessa óvissu að öllu leyti en þær gáfu heldur ekki tilefni til frekari áhyggna. Frá sjónarmiði áhættustjórnunar þykir rökrétt og viðeigandi að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar vörur, sem Matvælaöryggisstofnunin útleiddi hámarksgildi leifa fyrir í rökstuddu álitinu sínu í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 sem gefa ekki tilefni til áhyggna að því er varðar neytendavernd, við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi.
- 14) Tekið var tillit til gildandi CXL-hámarksgilda í rökstuddum álitum Matvælaöryggisstofnunarinnar. Við fastsetningu hámarksgilda leifa var tekið tillit til CXL-hámarksgilda sem eru örugg fyrir neytendur í Sambandinu.
- 15) Að því er varðar afurðir þar sem notkun viðkomandi plöntuverndarvara er ekki heimilud og þar sem ekki liggja fyrir innflutningsvikið eða CXL-hámarksgildi ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

⁽³⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Modification of the existing MRLs for imazalil in various commodities“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(6), 5329.

⁽⁴⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the updated review of the existing maximum residue levels for imazalil according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005 following new toxicological information.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(10), 5453.

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 705/2011 frá 20. júlí 2011 um samþykki fyrir virka efninu imasalí, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjútíð. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 43).

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjútíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

⁽⁷⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance imazalil.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(3), 1526.

- 16) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar varðandi nauðsyn þess að aðlaga tiltekin magngreiningarmörk. Niðurstöður þessara rannsóknarstofa voru þær að tækniþróun krefjist þess að fastsett sé sérstök magngreiningarmörk fyrir tilteknar vörur.
- 17) Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 18) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.
- 19) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 20) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem hafa verið framleiddar áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri neytendavernd sé viðhaldið.
- 21) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.
- 22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, skal gilda áfram um afurðir sem voru framleiddar í Sambandinu eða fluttar inn til Sambandsins fyrir 16. apríl 2020, að undanskildum greipaldinum, appelsínunum, eplum, perum, trjámisþilsaldinum, banönum, kartöflum og lifur úr nautgripum.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 16. apríl 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. september 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dálksins fyrir imasalí í II. viðauka kemur eftirfarandi:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (*)	Imasalí (öll hlutföll skyldra hverfna) (R)
1)	2)	3)
0100000	NÝ EÐA FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR	
0110000	Sítrusávéxtir	
0110010	Greipaldin	4 (+)
0110020	Appelsínur	4 (+)
0110030	Sítrónur	5 (+)
0110040	Súraldin	5 (+)
0110050	Mandarínur	5 (+)
0110990	Annað (2)	0,01 (*)
0120000	Trjáhnetur	0,01 (*)
0120010	Möndlur	
0120020	Parahnetur	
0120030	Kasúhnetur	
0120040	Kastanúhnetur	
0120050	Kókoshnetur	
0120060	Heslihnetur	
0120070	Goðahnetur	
0120080	Pekanhnetur	
0120090	Furuhnetukjarnar	
0120100	Pistasúhnetur	
0120110	Valhnetur	
0120990	Annað (2)	
0130000	Kjarnaávéxtir	0,01 (*)
0130010	Epli	
0130020	Perur	
0130030	Kveði	
0130040	Trjámispilsaldin	
0130050	Dúnepli/japansplómur	
0130990	Annað (2)	
0140000	Steinaldin	0,01 (*)
0140010	Aprífkósur	
0140020	Kirsuber (sæt)	
0140030	Ferskjur	

1)	2)	3)
0140040	Plómur	
0140990	Annað (2)	
0150000	Ber og smá aldin	
0151000	a) <i>Þrúgur</i>	0,01 (*)
0151010	Vínber til neyslu	
0151020	Vínþrúgur	
0152000	b) <i>Jarðarber</i>	2
0153000	c) <i>Klungurber</i>	
0153010	Brómber	2
0153020	Daggarber	0,01 (*)
0153030	Hindber (rauð og gul)	2
0153990	Annað (2)	0,01 (*)
0154000	d) <i>Önnur smá aldin og ber</i>	0,01 (*)
0154010	Bláber	
0154020	Trönuber	
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber	
0154040	Stikilsber (græn, rauð og gul)	
0154050	Rósaldin	
0154060	Mórber (svört og hvít)	
0154070	Eplapyniber/Miðjarðarhafstrjámspilsaldin	
0154080	Ylber	
0154990	Annað (2)	
0160000	Ýmis aldin með	0,01 (*)
0161000	a) <i>Ætu hýði</i>	
0161010	Döðlur	
0161020	Fíkjur	
0161030	Ólífur til átu	
0161040	Gullappelsínur	
0161050	Stjörnualdin	
0161060	Gallaldin	
0161070	Jövuplómur	
0161990	Annað (2)	
0162000	b) <i>Óætu hýði, lítil</i>	
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)	
0162020	Litkaber	
0162030	Píslaraldin	
0162040	Kaktusfíkjur	
0162050	Stjörmuepli	
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí	
0162990	Annað (2)	
0163000	c) <i>Óætu hýði, stór</i>	
0163010	Lárperur	
0163020	Bananar	

1)	2)	3)
0163030	Mangó	
0163040	Papæjaldin	
0163050	Granatepli	
0163060	Morgunberkjur	
0163070	Gvönvur	
0163080	Ananas	
0163090	Brauðaldin	
0163100	Dáraaldin	
0163110	Nónberkjur	
0163990	Annað (2)	
0200000	NÝTT eða FRYST GRÆNMETI	
0210000	Rótar- og hnýðisgrænmeti	0,01 (*)
0211000	a) <i>Kartöflur</i>	
0212000	b) <i>Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti</i>	
0212010	Kassavarætur	
0212020	Sætar kartöflur	
0212030	Mjölrótarhnýði	
0212040	Örvarætur	
0212990	Annað (2)	
0213000	c) <i>Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykkurrofum undanskildum</i>	
0213010	Rauðrófur	
0213020	Gulrætur	
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí	
0213040	Piparrót	
0213050	Ætihnúðar	
0213060	Nípur	
0213070	Steinseljurætur	
0213080	Hreðkur	
0213090	Hafursrætur	
0213100	Gulrófur	
0213110	Næpur	
0213990	Annað (2)	
0220000	Laukar	0,01 (*)
0220010	Hvítlaukur	
0220020	Laukar	
0220030	Skalottlaukar	
0220040	Vorlaukar og pípulaukar	
0220990	Annað (2)	
0230000	Aldingrænmeti	
0231000	a) <i>Náttskuggaætt og stokkrósaætt</i>	
0231010	Tómatar	0,3
0231020	Paprikur	0,01 (*)
0231030	Eggaldin	0,01 (*)
0231040	Okrur	0,01 (*)
0231990	Annað (2)	0,01 (*)

1)	2)	3)
0232000	b) <i>Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði</i>	
0232010	Gúrkur	0,5
0232020	Smágúrkur	0,5
0232030	Dvergbítar	0,1 (+)
0232990	Annað (2)	0,01 (*)
0233000	c) <i>Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði</i>	
0233010	Melónur	2 (+)
0233020	Risagrasker	0,01 (*)
0233030	Vatnsmelónur	0,01 (*)
0233990	Annað (2)	0,01 (*)
0234000	d) <i>Sykurmaís</i>	0,01 (*)
0239000	e) <i>Annað aldingrænmeti</i>	0,01 (*)
0240000	Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)	0,01 (*)
0241000	a) <i>Blómstrandí kál</i>	
0241010	Spergilkál	
0241020	Blómkál	
0241990	Annað (2)	
0242000	b) <i>Kálhöfuð</i>	
0242010	Rósakál	
0242020	Höfuðkál	
0242990	Annað (2)	
0243000	c) <i>Blaðkál</i>	
0243010	Kínakál	
0243020	Grænkál	
0243990	Annað (2)	
0244000	d) <i>Hnúðkál</i>	
0250000	Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm	
0251000	a) <i>Salat og salatplöntur</i>	0,01 (*)
0251010	Vorsalat/strábrúða	
0251020	Salat	
0251030	Breiðblaða salatfflar	
0251040	Karsi og aðrar spírur og sprotar	
0251050	Vetrarkarsi	
0251060	Klettsalat	
0251070	Sinnepskál	
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)	
0251990	Annað (2)	
0252000	b) <i>Spínat og áþekk blöð</i>	0,01 (*)
0252010	Spínat	
0252020	Súpugull	

1)	2)	3)
0252030	Blaðbeðjur	
0252990	Annað (2)	
0253000	c) <i>Vínviðarlauf og áþekkar tegundir</i>	0,01 (*)
0254000	d) <i>Brunnperla</i>	0,01 (*)
0255000	e) <i>Jólasalat/salatfíflar</i>	0,01 (*)
0256000	f) <i>Kryddjurtir og æt blóm</i>	0,02 (*)
0256010	Kerfill	
0256020	Graslaukur	
0256030	Blöð af sellerí	
0256040	Steinselja	
0256050	Salvía	
0256060	Rósmarín	
0256070	Garðablóðberg	
0256080	Basilíka og æt blóm	
0256090	Lárviðarlauf	
0256100	Fáfnisgras	
0256990	Annað (2)	
0260000	Belgávextir	0,01 (*)
0260010	Baunir (með fræbelg)	
0260020	Baunir (án fræbelgs)	
0260030	Ertur (með fræbelg)	
0260040	Ertur (án fræbelgs)	
0260050	Linsubaunir	
0260990	Annað (2)	
0270000	Stöngulgrænmeti	0,01 (*)
0270010	Sperglar	
0270020	Salatþistlar	
0270030	Sellerí	
0270040	Hnúðfenníkur	
0270050	Ætiþistlar	
0270060	Blaðlaukar	
0270070	Rabarbarar	
0270080	Bambussprotar	
0270090	Pálmakjarnar	
0270990	Annað (2)	
0280000	Sveppir, mosar og fléttur	0,01 (*)
0280010	Ræktaðir sveppir	
0280020	Villtir sveppir	
0280990	Mosar og fléttur	
0290000	Pörungar og dreifkjörnungslífverur	0,01 (*)
0300000	BELGÁVEXTIR	0,01 (*)
0300010	Baunir	
0300020	Linsubaunir	

1)	2)	3)
0300030	Ertur	
0300040	Lúpínur/lúpínubaunir	
0300990	Annað (2)	
0400000	OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN	0,01 (*)
0401000	Olúfræ	
0401010	Hörfræ	
0401020	Jarðhnetur	
0401030	Valmúafrae	
0401040	Sesamfræ	
0401050	Sólblómafræ	
0401060	Repjufræ	
0401070	Sojabaunir	
0401080	Mustarðsfræ	
0401090	Baðmullarfræ	
0401100	Risagraskersfræ	
0401110	Litunarþistilsfræ	
0401120	Hjólkrónufræ	
0401130	Akurdoðrufræ	
0401140	Hampfræ	
0401150	Kristpálmafræ	
0401990	Annað (2)	
0402000	Olúurík aldin	
0402010	Ólífur til olúframléiðslu	
0402020	Olúupálmakjarnar	
0402030	Olúupálmaaldin	
0402040	Dúnviðaraldin	
0402990	Annað (2)	
0500000	KORNTÉGUNDIR	0,01 (*)
0500010	Bygg	
0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkortegundir	
0500030	Maís	
0500040	Hirsi	
0500050	Hafrar	
0500060	Hrísgrjón	
0500070	Rúgur	
0500080	Dúrri	
0500090	Hveiti	
0500990	Annað (2)	
0600000	TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUD	0,05 (*)
0610000	Te	
0620000	Kaffibaunir	
0630000	Jurtate úr	
0631000	a) <i>Blómum</i>	
0631010	Gæsajurt	
0631020	Læknaakólfur	

1)	2)	3)
0631030	Rósir	
0631040	Jasmína	
0631050	Lindiblóm	
0631990	Annað (2)	
0632000	b) <i>Blöðum og kryddjurtum</i>	
0632010	Jarðarber	
0632020	Rauðrunnalauf	
0632030	Indíánaþyrnislauf	
0632990	Annað (2)	
0633000	c) <i>Rótum</i>	
0633010	Garðabrúða	
0633020	Ginseng	
0633990	Annað (2)	
0639000	d) <i>Öðrum plöntuhlutum</i>	
0640000	Kakóbaunir	
0650000	Jóhannesarbrauð	
0700000	HUMLAR	0,05 (*)
0800000	KRYDD	
0810000	Krydd úr fræjum	0,05 (*)
0810010	Anís/anísfræ	
0810020	Ilmfrú	
0810030	Sellerí	
0810040	Kóríander	
0810050	Kúmín	
0810060	Dill	
0810070	Fenníkur	
0810080	Grikkjasmári	
0810090	Múskat	
0810990	Annað (2)	
0820000	Aldinkrydd	0,05 (*)
0820010	Allrahanda	
0820020	Kínapipar	
0820030	Kúmen	
0820040	Kardimommur	
0820050	Einiber	
0820060	Pipar (svartur, grænn og hvítur)	
0820070	Vanilla	
0820080	Tamarind	
0820990	Annað (2)	
0830000	Barkarkrydd	0,05 (*)
0830010	Kanill	
0830990	Annað (2)	

1)	2)	3)
0840000	Krydd úr rótum og jarðstönglum	
0840010	Lakkrís	0,05 (*)
0840020	Engifer (10)	0,05 (*)
0840030	Túrmerik/gullinrót	0,05 (*)
0840040	Piparrót (11)	
0840990	Annað (2)	0,05 (*)
0850000	Blómhnapakrydd	0,05 (*)
0850010	Negull	
0850020	Kapers	
0850990	Annað (2)	
0860000	Frævukrydd	0,05 (*)
0860010	Saffran	
0860990	Annað (2)	
0870000	Frækápukrydd	0,05 (*)
0870010	Múskatblóm	
0870990	Annað (2)	
0900000	SYKURPLÖNTUR	0,01 (*)
0900010	Sykkurrófurætur	
0900020	Sykkurreyr	
0900030	Kaffifíflsrætur	
0900990	Annað (2)	
1000000	AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR	
1010000	Vörur úr	
1011000	a) <i>Svínum</i>	0,02 (*)
1011010	Vöðvi	(+)
1011020	Fita	(+)
1011030	Lifur	(+)
1011040	Nýru	(+)
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1011990	Annað (2)	
1012000	b) <i>Nautgripum</i>	
1012010	Vöðvi	0,02 (*) (+)
1012020	Fita	0,02 (*) (+)
1012030	Lifur	0,03 (+)
1012040	Nýru	0,02 (*) (+)
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,02 (*)
1012990	Annað (2)	0,02 (*)
1013000	c) <i>Sauðfé</i>	0,01 (*)
1013010	Vöðvi	
1013020	Fita	
1013030	Lifur	

1)	2)	3)
1013040	Nýru	
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1013990	Annað (2)	
1014000	d) <i>Geitum</i>	0,01 (*)
1014010	Vöðvi	
1014020	Fita	
1014030	Lifur	
1014040	Nýru	
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1014990	Annað (2)	
1015000	e) <i>Hestum</i>	
1015010	Vöðvi	0,02 (*) (+)
1015020	Fita	0,02 (*) (+)
1015030	Lifur	0,03 (+)
1015040	Nýru	0,02 (*) (+)
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,02 (*)
1015990	Annað (2)	0,02 (*)
1016000	f) <i>Alifuglum</i>	0,01 (*)
1016010	Vöðvi	
1016020	Fita	
1016030	Lifur	
1016040	Nýru	
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1016990	Annað (2)	
1017000	g) <i>Öðrum öldum landdýrum</i>	0,01 (*)
1017010	Vöðvi	
1017020	Fita	
1017030	Lifur	
1017040	Nýru	
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1017990	Annað (2)	
1020000	Mjólk	
1020010	Nautgripir	0,02 (*) (+)
1020020	Sauðfé	0,01 (*)
1020030	Geitur	0,01 (*)
1020040	Hestar	0,02 (*) (+)
1020990	Annað (2)	0,01 (*)
1030000	Fuglsegg	0,01 (*)
1030010	Hænsni	
1030020	Endur	
1030030	Gæsir	
1030040	Kornhænur	
1030990	Annað (2)	

1)	2)	3)
1040000	Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)	0,05 (*)
1050000	Froskdýr og skriðdýr	0,01 (*)
1060000	Landhryggleysingar	0,01 (*)
1070000	Villt landhryggdýr	0,01 (*)
1100000	AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)	
1200000	AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU ÆTLAÐAR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)	
1300000	UNNIN MATVÆLI (9)	

(*) Greiningarmörk

(**) Samsetning varnarefna/kóða sem hámarksgildi leifa, eins og sett er fram í B-hluta III. viðauka, gilda um.

(*) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

Imasalí (öll hlutföll skyldra hverfna) (R)

(R) = Skilgreining á leifum er ólík fyrir eftirfarandi samsetningar á varnarefnum/kóðum: imasalí - kóði 1000000 að undanskildu 1040000: summa imasalí og umbrotsefnis FK-772 (öll hlutföll skyldra hverfna), gefin upp sem imasalí

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um eituhrif umbrotsefna. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 26. september 2021 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0110010 Greipaldin
0110020 Appelsínur
0110030 Sítrónur
0110040 Súraldin
0110050 Mandarínur

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um prófanir á leifum. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 26. september 2021 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0232030 Dvergbítar

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um eituhrif umbrotsefna. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 26. september 2021 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0233010 Melónur

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um eituhrif umbrotsefna og stöðugleika við geymslu. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 26. september 2021 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

1011010 Vöðvi
1011020 Fita
1011030 Lifur
1011040 Nýru
1012010 Vöðvi
1012020 Fita
1012030 Lifur
1012040 Nýru

1015010	Vöðvi
1015020	Fita
1015030	Lifur
1015040	Nýru
1020010	Nautgripir
1020040	Hestar

2) Í B-hluta III. viðauka fellur dálkurinn fyrir imasalfl brott.
